



Dagsetning: 10. nóvember 2023
Málsnúmer: 2310062/1.10.3

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Vaktakerfi slökkviliðs Fjarðabyggðar

Starfsmenn slökkviliðs Fjarðabyggðar hafa nú um nokkurt skeið unnið skv. 12 tíma vaktakerfi. Um tímabunda ráðstöfun var að ræða sem átti að gilda til 1.12.23.

Eins og rætt hefur verið í bæjarráði hafa komið fram eindregnar óskir frá starfsmönnum um að haldið verði áfram að vinna skv. þessu kerfi, enda henti það starfsmönnum mun betur það eykur fyrirsjáanleika í vinnu þeirra. Starfsmenn slökkviliðsins sendu bréf til bæjarráðs sem tekið var fyrir í bæjarráði, þar sem farið var yfir þessi mál af hálfu starfsmanna. Bæjarstjóri og forstöðumaður stjórnsýslu hafa auk þess átt samtöl við starfsmenn þar sem þessum óskum hefur verið komið á framfæri.

Í ljósi þessarar eindregnu afstöðu starfsmanna og til að tryggja ákveðinn fyrirsjáanleika í vinnutíma starfsmanna er því lagt til að áfram verði unnið samkvæmt núverandi 12 tíma vaktakerfi í slökkviliði Fjarðabyggðar fram til 1. apríl 2024, eða þar til að frekari lausnir á málefni koma í gegnum samninga LSS við sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

